

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1073

Dagsetning: 10. júní 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 3. júní 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Niðurstöður Gemba-greiningar hjá GMB

Farið var yfir niðurstöður Gemba-greiningar hjá Geðheilsumiðstöð barna. Ýmis tækifæri til úrbóta fundust í greiningunni sem ákveðið var að vinna áfram með stjórnendum geðheilsuteyma.

3. Gæðauppgjör geðheilbrigðisþjónustu

Gæðauppgjör geðheilbrigðisþjónustu HH 2024 var kynnt fyrir framkvæmdastjórn. Farið var yfir árangurstölur, áskoranir og gæðavísa ásamt umbótaverkefnum.

4. Afleysing geðlækna

Rætt var um hvort hægt verði að fá geðlækni til að leysa af geðlækna HH í sex daga í sumar. Samþykkt var að fá geðlækni til starfa í tímavinnu þá daga sem geðlæknar HH verða allir í orlofi.

5. Fræðslukerfi

Umræður um kaup á nýju fræðslukerfi fyrir starfsfólk. LearnCove-kerfið var kynnt stuttlega og farið yfir kosti og galla kerfisins. Rætt var um verðtilboð sem HH hefur fengið um notkun á kerfinu. Ákveðið var að skoða kerfið betur í sumar og taka ákvörðun um framhaldið í haust.

6. Erindi frá heilbrigðisráðuneyti um verktöku

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um verktöku lækna sem fallið gæti undir skilgreiningu á gerviverktöku. Skoða þarf sérstaklega stöðu lækna hjá héraðsvaktinni sem í dag starfa sem verktakar.

7. Viðmið um lágmarksmönnun

Umræður um um viðmið um lágmarksmönnun starfsstétta á heilsugæslustöðvum. Til er grunnur að viðmiðum fyrir hjúkrunarfræðinga en ekki eru til sambærileg viðmið fyrir aðrar stéttir.

8. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Upplýst var um stöðuna á vinnu við að færa verkefni frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands til HH. Stefnt er að því að færa verkefnin til HH um næstu áramót en vanda þarf til verka þangað til til að ekki verði rof á þjónustu.

9. Heimsókn heilbrigðisráðherra

Rætt var um fyrirhugaða heimsókn heilbrigðisráðherra, sem áformar að koma í heimsókn á skrifstofu HH föstudaginn 13. júní.

10. Fagráð í heilbrigðisþjónustu

Rætt var um tilnefningu á fulltrúa HH í fagráði í heilbrigðisþjónustu. Ákveðið var að tilnefna framkvæmdastjóra lækninga, framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu.

11. Bréf vegna hjúkrunarfræðinga og vinnuskila

Rætt var um erindi vegna hjúkrunarfræðinga og vinnuskila. Málið verður skoðað áfram.

12. Gæðastefna HH

Drög að gæðastefnu HH voru kynnt fyrir framkvæmdastjórn. Drögin voru samþykkt með fyrirvara um orðalag.

Aðgerðir og verkefni

- Fylgja þarf eftir Gemba-greiningu og innleiða breytingar á vinnulagi, sjá lið 2.
Ábyrgð: ÍDH
- Senda þarf gæðauppgjör geðheilbrigðisþjónustu til heilbrigðisráðuneytisins og embættis landlæknis, sjá lið 3.
Ábyrgð: ÍDH
- Ganga þarf frá afleysingu fyrir geðlækna HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH
- Skoða þarf fræðslukerfið LearnCove betur í sumar og ræða aftur í framkvæmdastjórn í haust, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKÞ
- Skoða þarf hvort verktaka lækna hjá héraðsvaktinni falli að reglum um verktöku, sjá lið 6.
Ábyrgð: SKM og HÞ
- Halda þarf áfram undirbúningi fyrir flutning verkefna Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til HH, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM og HÞ
- Undirbúa þarf heimsókn heilbrigðisráðherra, sjá lið 9.
Ábyrgð: SDM og BJ

- Senda þarf heilbrigðisráðuneytinu tilnefningar frá HH í fagrað í heilbrigðisþjónustu, sjá lið 10.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram með erindi vegna vinnuskila hjúkrunarfræðinga, sjá lið 11.
Ábyrgð: SKP
- Lagfæra þarf orðalag í gæðastefnu og uppfæra gæðaskjal, sjá lið 12.
Ábyrgð: ASV

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:30.